

Öryggisfjarskipti ehf.

Ársreikningur
2020

Öryggisfjarskipti ehf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 641106-1430

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Aritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Félagið var stofnað 20. október 2006 og megintilgangur þess er að veita öryggisfjarskiptaþjónustu. Félagið rekur Tetra kerfi sem er stafrænt talstöðvarkerfi með símamöguleika sem er sérsniðið að þörfum viðbragsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli. Leigutaki félagsins er Neyðarlínan ohf. sem á 25% eignarhlut í félaginu.

Rekstur ársins og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 101 millj. kr. á árinu 2020. Í árslok 2020 námu eignir félagsins 1.098 millj. kr. og eigið fé nam 967 millj. kr. í árslok 2020 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 660 millj. kr. Eiginfjárhlutfall nam 88% í árslok 2020. Rekstarfjármunir félagsins eru metnir á afskrifuðu kostnaðarverði. Félagið greiddi upp langtímalán á árinu og eru engin langtímalán í árslok 2020.

Starfsemin á árinu

Talsverð uppbygging var í gangi á árinu, aðallega í tengslum við tvo samninga við fjarskiptasjóð fyrir hönd ríkisins.

Annar þeirra samninga snérist um að leggja stofnstrengi ljósleiðara, heimtaugar ljósleiðara að fjarskiptastöðum og uppbyggingu fjarskipta- og farsímasendastaða. Markmið samningsins var að bæta öryggi fjarskipta með ljósleiðaratengingum í stað örbylgjutenginga og að auka stækka þjónustusvæði farsíma. Var annars vegar leitast við að tryggja virkni grunnneta fjarskipta með hringtengingum stofntenginga og tengingu byggðarlaga með ljósleiðara og hins vegar tryggja virkni farsímaþjónustu, útvarpsendinga, og neyðar- og öryggisfjarskipta með því að tengja núverandi og nýja fjarskiptastaði með ljósleiðaratengingu við ljósleiðarakerfi landsins. Að auki var komið upp nýrri fjarskipta- og farsímaaðstöðu til að tryggja að farsímaþjónusta náist víðar en nú.

Hinn samningurinn snérist um uppbyggingu varaafis fyrir fjarskipti með því að koma fyrir eftir atvikum vararafstöðvum, varaafli með rafgeymum og lausum vararafstöðvum ásamt tenglum fyrir þær á lykilstöðum fjarskipta. Markmið var annars vegar að tryggja virkni grunnneta fjarskipta og hins vegar farsímaþjónustu, útvarpsendingar og neyðar- og öryggisfjarskipti í rafmagnsleysi.

Tetra kerfið var stækkað um þrjá senda og nokkrir aðrir voru færðir til og sett upp nýtt endurvarpakerfi í Breiðdals- og Botnsheiðargöngum. Í árslok voru 189 sendar í kerfinu auk fjölda endurvarpa.

Hús og möstur voru byggð, lagfærð eða endurbætt á nokkrum stöðum, þar á meðal er Hlíðarfjall, Miðmundarfjall, Vatnsenda, Siglufirði og Kolviðarnes. Einnig keypti félagið fjarskiptaaðstöðu á Skálafelli og Sjónarhólum.

Keypt var lager- og verkstæðishúsnæði við Fjölningstötu 4B á Akureyri.

Neyðarlínan annaðist rekstur félagsins, sá um framkvæmdir fyrir félagið og hafði að venju á leigu meginhluta eigna félagsins.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2021, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Eignarhald

Í upphafi og lok árs voru hluthafar tveir og greinast hlutir þeirra þannig:

Ríkissjóður	495.000.000
Neyðarlínan ohf.	165.000.000
	<u>660.000.000</u>


Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh:

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Öryggisfjarskipta ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. mars 2021.

Stjórn og framkvæmdastjóri:



Handwritten signature in blue ink, appearing to read "Þóhallur Ólafsson".

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Öryggisfjarskipta ehf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Öryggisfjarskipta ehf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 12. mars 2021.

Advant endurskoðun ehf.



Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Leigutekjur		356.404.952	282.066.132
Aðrar tekjur		0	666.713
		356.404.952	282.732.845
Rekstrargjöld			
Viðhaldskostnaður		52.403.612	43.996.896
Fjarskiptaleyfi		1.575.580	779.214
Laun og launatengd gjöld	3	1.000.000	1.111.914
Annar rekstarkostnaður		16.990.878	15.918.827
Afskriftir	5	163.742.835	139.198.136
		235.712.905	201.004.987
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld		120.692.047	81.727.858
Vaxtatekjur		1.874.296	3.379.542
Vaxtagjöld		(2.436.371)	(6.463.005)
		(562.075)	(3.083.463)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		120.129.972	78.644.395
Tekjuskattur	4	(18.799.420)	(15.732.379)
Hagnaður ársins	8	101.330.552	62.912.016

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	915.996.435	918.850.274
Fastafjármunir		915.996.435	918.850.274
Krafa á Neyðarlínuna ohf.	11	87.254.688	35.124.115
Aðrar skammtímakröfur		35.765.328	23.298.502
Virðisaukaskattur, inneign		7.755.444	7.871.773
Handbært fé		51.457.624	4.530.333
Veltufjármunir		182.233.084	70.824.723
Eignir samtals		1.098.229.519	989.674.997
Eigið fé			
Hlutfé	7	660.000.000	660.000.000
Lögbundinn varasjóður		31.056.951	20.923.896
Óráðstafað eigið fé		275.500.087	184.302.590
Eigið fé	8	966.557.038	865.226.486
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	9	0	36.153.185
Tekjuskattsskuldbinding	10	28.676.603	46.186.784
Langtímaskuldir samtals		28.676.603	82.339.969
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		66.686.277	136.859
Næsta árs afborgun langtímaskulda	9	0	22.833.591
Tekjuskattur til greiðslu	12	36.309.601	19.138.092
Skammtímaskuldir samtals		102.995.878	42.108.542
Skuldir samtals		131.672.481	124.448.511
Eigið fé og skuldir samtals		1.098.229.519	989.674.997

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar og fjármagnskostnaður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

b. Innlausn tekna

Leigutekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar til þeirra hefur verið unnið.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húsnæði	33 ár
VSS kerfi	8 ár
Tetra kerfi	10 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Skammtíma kröfur

Aðrar skammtíma kröfur voru óverulegar í árslok 2020 og því ekki tilefni til neinnar varúðarafskriftar af slíkum kröfum.

e. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattseign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun	0	92.908
Launatengd gjöld	0	19.006
Aðkeypt skrifstofuþjónusta	1.000.000	1.000.000
Laun og launatengd gjöld samtals	1.000.000	1.111.914

Skýringar, frh.:

4. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2020	2019
Hagnaður fyrir skatta	120.129.972	78.644.395
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% (24.025.994)	20,0% (15.728.879)
Mismunur vegna fyrra árs	(4,4%) 5.230.155	0,0% 0
Annað	0,0% (3.581)	0,0% (3.500)
Virkur tekjuskattur	15,6% (18.799.420)	20,0% (15.732.379)

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Húsnæði	VSS kerfi	Tetra kerfi	Bifreið	Samtals
Stofnverð 1.1.2020	151.448.666	69.103.477	1.356.799.206	15.750.000	1.593.101.349
Viðbót á árinu	33.498.491	0	106.064.376	21.326.129	160.888.996
Stofnverð 31.12.2020	184.947.157	69.103.477	1.462.863.582	37.076.129	1.753.990.345
Afskrifað samtals 1.1.2020	4.105.917	20.155.181	645.164.977	4.825.000	674.251.075
Afskrifað á árinu	5.548.415	8.637.935	143.576.884	5.979.601	163.742.835
Afskrifað samtals 31.12.2020	9.654.332	28.793.116	788.741.861	10.804.601	837.993.910
Bókfært verð 1.1.2020	147.342.749	48.948.296	711.634.229	10.925.000	918.850.274
Bókfært verð 31.12.2020	175.292.825	40.310.361	674.121.721	26.271.528	915.996.435

6. Vátryggingaverð

Vátryggingarverð húsnæðis og kerfa var 1.117 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 916 millj. kr.

7. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 660 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

8. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	660.000.000	20.923.896	184.302.590	865.226.486
Fært í varasjóð		10.133.055	(10.133.055)	0
Hagnaður ársins			101.330.552	101.330.552
Eigið fé 31.12.2020	660.000.000	31.056.951	275.500.087	966.557.038

Skýringar, frh.:

9. Skuldir við lánastofnanir

Yfirlit um skuldir við lánastofnanir:	31.12.2020	31.12.2019
Skuldir við lánastofnanir, ISK verðtryggt vextir 4,20%	0	58.986.776
Næsta árs afborganir	0	(22.833.591)
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	<u>0</u>	<u>36.153.185</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020.....	0	22.833.591
Árið 2021.....	0	22.833.591
Árið 2022.....	0	13.319.594
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	<u>0</u>	<u>58.986.776</u>

Langtímalán sem félagið skuldaði viðskiptabanka sínum í upphafi ársins var uppgreitt á miðju ári 2020. Í árslok 2020 eru því engar skuldir við lánastofnanir.

10. Skattskuldbinding

Skattskuldbinding félagsins greinist þannig:	2020	2019
Reiknuð skattskuldbinding í ársbyrjun	(46.186.784)	(49.592.497)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	17.510.181	3.405.713
Reiknuð skattskuldbinding í árslok	<u>(28.676.603)</u>	<u>(46.186.784)</u>
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir	(27.522.914)	(45.602.558)
Skammtímakröfur	(1.153.689)	(584.226)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>(28.676.603)</u>	<u>(46.186.784)</u>

11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Keypt þjónusta	Leigu- tekjur	Vaxta- tekjur	Krafa
Neyðarlínan ohf. 2020	1.000.000	356.404.952	1.597.668	87.254.688
Neyðarlínan ohf. 2019	1.000.000	282.066.132	2.701.761	35.124.115

12. Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu árið 2021 vegna rekstrarársins 2020, hefur verið reiknaður og færður í ársreikning félagsins.

13. Önnur mál

Félagið tók að sér verkefni fyrir Fjarskiptasjóð á árinu til ljósleiðaraframkvæmda víða um landið á grundvelli fjárfestingarátaks ríkisstjórnarinnar, þ.m.t. seinni hluti nýrrar ljósleiðaratengingar milli Suðurlands og Norðurlands um Kjöl, tenging Dalatanga og fjölda annarra fjarskiptastaða. Jafnframt var farið í verkefni til að bæta raforkuöryggi 64 fjarskiptastöðva og tryggja þannig betur að almenningur geti hringt í neyðarnúmerið 112 í vá eins og skapaðist í óveðrum veturinn 2019-2020. Samtals móttæknir styrkir vegna þessa nema 276 millj. kr. Útlagður kostnaður félagsins vegna framangreindra verkefna nemur 316 millj. kr. og er fært meðal viðhaldskostnaðar í rekstrarreikningi að frádregnum styrkjum Fjarskiptasjóðs.